



NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU

„Drög að reglugerð um hvata- og stuðningsverkefni í landgræðslu og skógrækt“

Nr. S-204/2025 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum samradsgatt.is

Janúar 2026

1 Þátttaka

Umsagnaraðilar:

1. Hellnasker – hugveita í sjálfbærni (Sigurpáll Ingibergsson)
2. Lárus Elíasson, skógarbóndi
3. Formaður félags skógarbænda á Suðurlandi (Björn Bjarndal Jónsson)
4. Náttúruverndarstofnun
5. Vinir íslenskrar náttúru
6. Skógræktarfélag Íslands
7. Landsnet
8. Bændasamtök Íslands

Eftirtöldum aðilum var boðið að veita umsögn:

Atvinnuvegaráðuneytið, Biodice, Bændasamtök Íslands, Fuglaverndarfélag Íslands, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Land og skógur, LBHI, Minjastofnun, Náttúrufræðistofnun, Náttúruminjasafn Íslands, Náttúruverndarsamtök Austurlands, Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarstofnun, Náttúruvinir, Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök náttúrustofa, Skipulagsstofnun, Skógræktarfélag Íslands, Umhverfis- og orkustofnun, Ungir umhverfissinnar og Vistfræðifélag Íslands.

Skjöl málsins, allar umsagnir og upplýsingar um umsagnarfrest og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgáttinni á [island.is](https://island.is/samradsgatt/mal/4089), slóð á málið:

<https://island.is/samradsgatt/mal/4089>

2 Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim

Áhersluatriði	
Stuðningur við sveitarfélög (1. gr.)	Umsagnaraðili: Vinir íslenskrar náttúru
	Samantekt athugasemda: Gerð er athugasemd við að verið sé að styðja við verkefni á vegum sveitarfélaga.
	Viðbrögð: Reglugerðin er sett á grundvelli 8. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018 og 7. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 þar sem kemur fram að heimilt sé að hvetja til og styðja verkefni á vegum m.a. sveitarfélaga, en einnig einstaklinga, félagasamtaka, fyrirtækja eða annarra.
Heimild til höfnunar umsókna (2. gr.)	Umsagnaraðili: Bændasamtök Íslands
	Samantekt athugasemda: Bent er á að í drögunum segir að „heimilt sé að hafna umsóknum sem skilað er með ófullnægjandi hætti.“, sbr. 2 málsl. 4. mgr. 2. gr. draganna. Að mati Bændasamtakanna er slíkt ákvæði matskennt og of víðtækt, sérstaklega þegar tekið er mið af d-lið 3. mgr. 2. gr. draganna um „önnur gögn umsókninni til stuðnings“ sem skulu fylgja umsókn.

	Viðbrögð: Breytingar hafa verið gerðar á d-lið 3. mgr. 2. gr. og textinn „önnur gögn umsókninni til stuðnings“ tekinn út.
Styrkhæf verkefni (3. gr.)	Umsagnaraðili: Náttúruverndarstofnun, Landsnet, Vinir íslenskra náttúru
	Samantekt athugasemda: Náttúruverndarstofnun vekur athygli á því að á friðlýstum svæðum gilda ýmsar reglur sem mismunandi eru eftir hverju svæði, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og í því samhengi mætti bæta við í c-lið 1 mgr. 3. gr. reglugerðarinnar um leyfisveitingar að á friðlýstum svæðum eigi að afla leyfis Náttúruverndarstofnunar. Landsnet bendir á að til að tryggja hagsmuni flutningsfyrirtækis og dreifiveitna er í 21. gr. a í raforkulögum nr. 65/2003 kveðið á um heimildir flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna til að láta fjarlægja eða grisja tré eða trjágróður á helgunarsvæðum mannvirkja fyrirtækjanna. Landsnet óskar eftir því að í reglugerðinni komi skýrt fram að á meðal skilyrða fyrir styrkhæfum verkefnum sé að verkefni séu utan helgunarsvæðis raflína og tryggi þannig öryggi flutnings- og dreifikerfis raforku. Vinir íslenskra náttúru benda á mikilvægi þess að vísa einnig sérstaklega til laga um náttúruvernd og samningsins um líffræðilega fjölbreytni.
	Viðbrögð: Í c-lið 1. mgr. 3. gr. kemur fram að verkefni skulu vera í samræmi við gildandi skipulag og uppfylla skilyrði varðandi leyfisveitingar, s.s. framkvæmdaleyfis. Raflínur eru meðal meginviðfangsefna aðalskipulags og í reglugerð um framkvæmdaleyfi er m.a. vísað til framkvæmda á friðlýstum svæðum og að tryggja eigi að gætt sé að ákvæða laga um náttúruvernd, laga um menningarminjar og annarra laga og reglugerða sem til álita koma.
Skilyrði styrkhæfra verkefna (3. gr.)	Umsagnaraðili: Vinir íslenskrar náttúru
	Samantekt athugasemda: Lagt er til breytingu á orðalagi á b-lið 1. mgr. 3. gr. og óskað eftir að textinn „og gildandi staðla og gæðaviðmið“ verði tekinn út.
	Viðbrögð: Gerðar hafa verið orðalagsbreytingar á b-lið 1. mgr. 3 gr. og stendur nú „viðeigandi staðla og gæðaviðmið“.
Styrkhæf verkefni (3. gr.)	Umsagnaraðili: Vinir íslenskrar náttúru
	Samantekt athugasemda: Bent á að bæta mætti við textanum „kolefniseiningaverkefni teljast ekki styrkhæf samkvæmt þessari reglugerð“ í e-lið 3. gr.
	Viðbrögð: Ekki telst þörf á að bæta við e-lið þar sem kolefniseiningaverkefni verða að geta sýnt fram á að verkefnið hafi ekki getað orðið til án tekna af sölu kolefniseininga (e. financial additionality) og því getur ríkisstyrk skógrækt ekki orðið til framleiðslu og sölu kolefniseininga.

Nýjar viðbætur styrkhæfra verkefna (4. gr.)	Umsagnaraðili: Formaður Félags skógarbænda á Suðurlandi (Björn Bjarndal Jónsson)
	Samantekt athugasemda: Ánægja með setningu reglugerðarinnar og sérstaklega nýjum viðbótum, s.s. stuðningi við heilstæðar landnýtingaáætlanir. Í því samhengi er lagt til viðbót í 4. gr. um meginflokka styrkhæfra verkefna: „gerð heilstæðra umhirðuáætlana í nytjaskógrækt“.
	Viðbrögð: Umhirðuáætlun hefur verið bætt við í f-lið og stendur nú: „Nýræktun skóga og skógarumhirða, þ.m.t. umhirðuáætlun“.
Verndun kolefnisríkra vistkerfa (4. gr.)	Umsagnaraðili: Vinir íslenskrar náttúru
	Samantekt athugasemda: Bent á að bæta megi við verndun vistkerfa sem mikilvæg eru fyrir verndun líffræðilegrar fjölbreytni í c-lið.
	Viðbrögð: Gerðar hafa verið breytingar á c-lið og stendur nú: „Verndun kolefnisríkra vistkerfa og vistkerfa sem eru mikilvæg fyrir vernd líffræðilegrar fjölbreytni.“
Forgangsröðun verkefna (5. gr.)	Umsagnaraðili: Hellnasker, Náttúruverndarstofnun
	Samantekt athugasemda: Athugasemdir bárust um uppröðun verkefna í töflu 1 og hvort þau ættu að gefa í skyn forgangsröðun.
	Viðbrögð: Upptalningu hefur verið breytt og verkefnum nú raðað í stafrófsröð.
Afgreiðsla styrkja (7. gr.)	Umsagnaraðili: Vinir íslenskrar náttúru
	Samantekt umsagna: Bent er á að lokagreiðsla styrkja skuli ekki fara fram fyrr en að lokinni úttekt og mati á árangri. Mörg þessara verkefna eru vandmeðfarin og mikið í húfi að vel takist til. Má þar til dæmis nefna varnir gegn landbroti, endurheimt votlendis og nýskógrækt.
	Viðbrögð: Í 6. gr. kemur fram að framkvæmdaskráning sé forsenda fyrir greiðslu framlaga vegna allra verkefna sem njóta stuðnings. Við upphaf framkvæmdar sem telst styrkhæf er heimilt að greiða allt að 50% af samþykkttri styrkupphæð og eftirstöðvar við skil á gögnum, upplýsingum, lokaskýrslu eða úttekt.
Árangursmat (10. gr.)	Umsagnaraðili: Hellnasker
	Samantekt athugasemda: Hellnasker bendir á að mat á árangri verkefna ætti að taka mið af raunverulegri kolefnisbindingu, áhrifum á líffræðilega fjölbreytni og vistkerfisþjónustu, en ekki aðeins formlegum verkáætlunum eða kostnaðarliðum.
	Viðbrögð: Í reglugerð kemur fram að mat á árangri skuli vera í samræmi við 10. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018 og 8. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019.
	Umsagnaraðili: Náttúruverndarstofnun, Hellnasker, Vinir íslenskrar náttúru

Líffræðileg fjölbreytni og tegundaval	Samantekt athugasemda: Náttúruverndarstofnun og Hellnasker benda á að skógrækt geti haft jákvæð áhrif á kolefnisbindingu og jarðvegsvernd, en jafnframt veruleg áhrif á vistkerfi og búsvæði lífvera sem hýsa fjölbreytt fuglalíf. Tryggja þarf að hvatakerfið styðji við rétta staðsetningu og tegundaval í skógrækt og hafi ekki neikvæð áhrif á náttúruleg vistkerfi, að ekki séu notaðar ágengar tegundir í skógrækt, að búsvæði ábyrgðartegunda fugla á Íslandi sé ekki skert og að val á svæðum og tegundum sé byggt á vistfræðilegum gögnum og heildstæðri landnýtingaáætlun. Í þessu samhengi er bent á markmið 1, 2 og 9 í Global Biodiversity Framework. Náttúruverndarstofnun bendir á að „öll ræktun framandi (útlendra) tegunda hér á landi sé óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó, sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.“ Vinir íslenskrar náttúru benda á að hvatar og stuðningur við skógrækt eigi ekki að ganga þvert á alþjóðlega samninga um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og nefna sérstaklega að það sé óásættanlegt að kosta gróðursetningu stafafuru af almannafé sem ógnar víða líffræðilegri fjölbreytni. Viðbrögð: Meðal markmiða laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 er að rækta skuli nýja skóga til að byggja upp fjölbreytta skógarauðlind til sjálfbærra nytja sem skili sem mestum hagrænum, félagslegum og umhverfislegum ávinningi fyrir samfélagið og er grunnurinn að því að styðja við erlendar tegundir í skógrækt. Markmið stjórnvalda er að samþætta stefnu í loftslagsmálum, jarðvegsvernd og líffræðilegri fjölbreytni og í ágúst 2022 kom fram stefna og aðgerðaáætlun stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt undir heitinu Land og líf. Þar kemur m.a. fram að huga þurfi að því hvort notkun framandi tegunda í skógrækt hafi neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni og lagt er til að unnið verði áhættumat fyrir notkun algengustu trjátegunda í skógrækt og að útbúnar verði leiðbeiningar um notkun þeirra, hvernig haga eigi vali á landi og að hverju þurfi að gæta. Val á landi til skógrækta þarf ávallt að taka tillit til náttúruverndar, minjaverndar og landslags og skógrækt skal vera í samræmi við skipulagsáætlanir sveitarfélaga.
Skógrækt á lögbýlum	Umsagnaraðili: Lárus Elíasson, skógarbóndi, formaður Félags skógarbænda á Suðurlandi (Björn Bjarndal Jónsson)

	Samantekt athugasemda: Kallað eftir sérstakri reglugerð um nytjaskógrækt á lögbýlum og að horfa eigi á nytjaskógrækt sem atvinnustarfsemi í landbúnaði.
	Viðbrögð: Setning reglugerðarinnar er í samræmi við IV. kafla laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 sem fjallar um skógrækt á lögbýlum, þ.m.t. nytjaskógrækt. Með setningu reglugerðarinnar er verið að samræma og sameina stuðningskerfi sem er í umsjón Lands og skóga og þannig komið á heildstæðum ramma fyrir úthlutun styrkja í landgræðslu og skógrækt sem stuðlar að einfaldari stjórnsýslu, skýrari reglum og auknu gagnsæi í meðferð fjármuna ríkisins.
Loftslagsáhrif og vottuð verkefni	Umsagnaraðili: Hellnasker
	Samantekt athugasemda: Lagt til að reglugerðin verði uppfærð þannig að hún byggji á mælanlegum loftslagsáhrifum, samfélagskostnaði kolefnis, vottuðum niðurstöðum og stuðningi við líffræðilega fjölbreytni. Reglugerðin þarf að gera kröfu um að verkefni sem njóta stuðnings skili vottuðum kolefniseiningum skv. alþjóðlegum stöðlum.
	Viðbrögð: Kolefniseiningaverkefni verða að geta sýnt fram á að verkefnið hafi ekki getað orðið til án tekna af sölu kolefniseininga (e. financial additionality) og því getur ríkisstyrk skógrækt ekki orðið til framleiðslu og sölu kolefniseininga.
Styrkjakerfi fyrir uppbyggingu, grisjun og umhirðu útivistar- og lýðheilsuskóga	Umsagnaraðili: Skógræktarfélag Íslands
	Samantekt athugasemda: Skógræktarfélag Íslands hvetur til að komið verði á sérstöku styrkjakerfi fyrir uppbyggingu, grisjun og umhirðu útivistar- og lýðheilsuskóga.
	Viðbrögð: Bent er á að reglugerðin opnar á að hægt sé að sækja um stuðning fyrir skógarumhirðu.